

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framkvæmdir við Hlemm

Lagt er til að aðkoma að Hlemmi verði bætt þegar í stað. Greiður aðgangur að inngöngum mathallarinnar verði tryggður eftir því sem kostur er. Þá verði leitast við að draga úr tjóni rekstraraðila þar með eftirgjöf á leigu í samvinnu við leigutaka hússins.

Greinargerð

Umfangsmiklar framkvæmdir við Hlemm hafa staðið yfir frá árinu 2022.

Framkvæmdirnar hafa gengið mun hægar en vonir voru gefnar um og um langt skeið torvelað mjög aðgang að Mathöllinni á Hlemmi. Framkvæmdirnar hafa þannig haft mikil og neikvæð áhrif á viðskipti rekstraraðila og hefur velta sumra þeirra dregist saman um allt að 60%. Hafa sumir veitingamenn neyðst til að segja upp starfsfólki vegna minnkandi viðskipta og safnað skuldum, sem veldur þeim enn frekari vandkvæðum. Ljóst er að einhver eftirgjöf leigugjalda myndi létta rekstraraðilum róðurinn eftir langt tímabil erfiðleika og samdráttar.

Æskilegt er að greiður aðgangur að öllum inngöngum hússins verði tryggður eftir því sem kostur er. Hjá Reykjavíkurborg er mikil og góð reynsla fyrir hendi við að tryggja gönguleiðir til rekstraraðila á meðan umfangsmiklar framkvæmdir standa yfir í verzlunargötum. Ætti því ekki að vera flókið verkefni að tryggja greiðan aðgang að Hlemmi ef áhugi er fyrir hendi.